

Ekki upp- reisnargjarn


Þórir Guðmundsson, lögreglumaður á Ísafirði er Vestfirðingur vikunnar. Hann borðar ekki brauð sem aðrir hafa smurt.



— sjá bls. 16 og 17

Mugison langaði að verða ljóðskáld

Tónlistarmaðurinn Örn Elías Guðmundsson, betur þekktur sem Mugison, var í vinufötum með skiptilykil í hendi þegar blaðamaður hitti á hann að kvöldi til í Vélsmiðjunni Þristi á Ísafirði. Hann var að smíða sér stand fyrir apparat, sem var liður í undirbúningi fyrir siglingu hringinn í kringum landið að 50 ára gömum trébat, Húna II. Hann var saddur og sæll og sagðist geta gefið blaðamanni korter.



— sjá bls. 12 og 13.



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 18 júlí 2013 · 28 tbl. · 30. árg. · Ókeypis eintak

Sumarið er tíminn!



Systurnar Sandra og Kristey Pétursdætur nutu þess að hjóla á Silfurtorgi í veðurliðunni í síðustu viku þegar ljósmyndara blaðsins bar að garði.



Vantar þig íbúð
til leigu?

Hafðu samband
sími: 456 6600



- HAMRAD GLER
- SPEGLAR
- SANDBLÁSÍÐ
- OG MARGT FLEIRA



ALLT
Í GLERI
SÍÐAN 1989
Íspan
GLER OG SPEGLAR

SMÍÐJUVEGI 7 • KÓPAVOGI • 54 54 300 • SENDUM UM ALLT LAND

EINFÖLD REIKNIVÉL
Á EBOX.IS

eBOX
auðveldar smásendingar




Í STÓRUM SKIPUM RÚMAST LÍKA
SMÆRRI SENDINGAR



eBOX er ný, þægileg og einföld lausn til að flytja minni sendingar frá Evrópu til Íslands. Á ebox.is er reiknivél sem segir þér á augabragði hver flutningskostnaðurinn er. Traust og áreiðanlegt leiðakerfi Eimskipa á Norður-Atlantshafi tryggir að sendingin þín kemur heim með fyrstu ferð. Auðvelt og fjótlegt.

EIMSKIP
eBOX

Eimskip | Korngröðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.ebox.is



ÍAV með lægsta tilboð

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að taka tilboði Íslenskra aðalverktaka hf., (ÍAV) í gerð ofanflóðavarnargarðs neðan Gleiðarhalla í Skutulsfirði. Tilboði ÍAV hljóðaði upp á rúmar 591 milljón króna eða 1,97% meira en kostnaðaráætlun sem hljóðaði upp á 580 milljónir króna. Eitt annað tilboð barst í verkið en það var frá Geirnaglanum ehf. og hljóðaði upp á rúmlega 851 milljón króna. Eftir yfirferð tilboðanna mælti Framkvæmdasýsla ríkisins með því að tilboði ÍAV yrði tekið. Bæjarráð samþykkti það en áréttaði að áður en gengið yrði til samninga þyrfti að semja við Skógræktarfélag Ísafjarðar um bætur vegna skógræktar.

Í apríl lagði umhverfisnefnd bæjarins til skilyrði við bæjarstjórn fyrir framkvæmdinni neðan Gleiðarhalla, meðal annars að gengið yrði til samninga við Skógræktarfélag Ísafjarðar um bætur vegna þeirra trjáa sem eru innan framkvæmdasvæðisins og að landmótun og frágangur yfirborðs verði í samræmi við deiliskipulag. Í bréfi síðasta árs bauðst Skógræktarfélagið til að útvega hæfa matsmenn til að meta skemmdir á trjágróðri frá félaginu. – *harpa@bb.is*



Holtapúkar unnu Stóra púkamótið

Holtapúkar unnu alla sína leiki á Stóra púkamótinu sem haldið var í nýunda sinn á Ísafirði um helgina og var liðinu afhentur Kristjánsbikarinn eftirsótti, sem nefndur er eftir Kristjáni heitnum Jónassyni. Krókspúkar og Dokkupúkar börðust svo um annað sætið en Krókspúkar tóku þetta. Rúmlega þrjátíu fullorðnir knattspymenn kepptu í ágætis veðri á Torfnesi og heppnaðist mótið vel að sögn Haralds Leifssonar, eins skipuleggjenda. Fjölmarginir áhorfendur fylgdust með tilþrífunum á Torfnesi og var enginn svikinn. „Það var mikil gleði og mikið gaman hjá okkur. Smá rigning á föstudeginum en svo birti til á laugardegnum,“ segir Haraldur.

Holtapúkaliðið skipuðu Pétur Sigurðsson, Bjarnþór Sverrisson,

Ásgeir Hólm Agnarsson, Ármann Múli Karlsson, Lúðvík Jóelsson, Jón H. Oddsson, Jón Björn Sigtryggsson, Pétur Jónsson, Óskar Róbertsson og Örn Árnason. Líkt og síðustu ár voru veitt verðlaun fyrir þrúðasta og besta leikmanninn. Í ár var það Jón H. Oddsson hlaut hann að launum Gumma Jó bikarinn, en hann er nefndur eftir Guðmundi heitnum Jóhannssyni, fyrrum leikmanni BÍ. Guðmundur og Jón H. spiluðu þar saman á sínum yngri árum.

Besti púkinn var Pétur Jónsson og var honum afhentur Hafþórsbikarinn, en hann er nefndur eftir Hafþóri heitnum Sigurgeirssyni. Efnilegasti senterinn var valinn Ásgeir Hólm Agnarsson. Holtapúkaliðið tók allt sem hægt var að taka á mótinu. Það er að segja



Bjarnþór Sverrisson stóð sig vel í markinu.

allt nema viðurkenningu fyrir Latasta púkann. Hann var valinn Rúnar Þór Pétursson fyrir að koma aldrei í vörn og hafa hangið

frammi. Skoraði hann eitt mark í leik gegn Holtapúkum en það var dæmt ógilt.

– *harpa@bb.is*

Fær húsnæði NAVE upp í skuld

Stjórn Náttúrustofu Vestfjarða (NAVE) hefur samþykkt að Bolungarvíkurkaupstaður kaupí húsnæði stofunnar að Aðalstræti 21 fyrir 19.774.710.-krónur og sveitarfélagið greiði með kröfu sem það á útstandandi hjá Náttúrustofunni. Húsnæðið er 174m² að stærð á 2. hæð hússins. Einnig hefur verið samþykkt að leigja NAVE húsnæðið til 15 ára fyrir 1% af kaupverðinu á mánuði. Leiguverð uppfærast með neysluvísitölu einu sinni á ári í lok árs.

„Náttúrustofan skuldaði Bolungarvíkurkaupstað um 20

milljónir og seldi þeim húsnæðið til að gera upp skuldina við sveitarfélagið. Bolungarvíkurkaupstaður hefur í gegnum tíðina, frá stofnun félagsins, greitt allan taprekstur NAVE. Þessi skuld er uppsafnað tap sem verið er að gera upp með þessum hætti,“ segir Daniel Jakobsson, formaður stjórnar NAVE. Hann segir að stjórnin hafi ekki viljað leggja þetta fram fyrir en uppgjör fyrir árið 2012 lægi fyrir en það var klárað fyrir þremur vikum.

Skipt var um stjórn Náttúrustofunnar síðastliðið haust í kjölfar þess að ársreikningum hafði

ekki verið skilað inn frá árinu 2009 og unnið hefur verið í að koma rekstrinum í betra horf. Ársreikningar eru nú tilbúnir og verið er að greiða niður skuldir. Náttúrustofan hóf starfsemi árið 1997 og starfar sem alhliða rannsókn- og þjónustustofnun í náttúrufræðum. Verkefni stofunnar eru meðal annars öflun upplýsinga um náttúru Vestfjarða og gera þær aðgengilegar fyrir þá sem þurfa á þeim að halda. Náttúrustofan rekur söfn í Bolungarvík, á Hólmavík og á Bíldudal.

– *hordur@bb.is*

Flytja inn um helgina

„Þetta er að klárast og fyrstu íbúarnir flytja inn um næstu helgi. Við höfðum stefnt að mánaðarmótunum maí-júní en innanleikjurnar eru drjúgar. En aðalatriðið er að gera þetta almennilega“ segir Valdimar Lúðvík Gíslason sérleyfishafi í Bolungarvík, en hann er í forsvari fyrir Byggingarfélag eldri borgara í Bolungarvík sem byggir nú 10 íbúðir í miðbæ Bolungarvíkur. Íbúðirnar eru í norðurálmú Hvíta hússins svokallaða, en þar eru fyrir fjórtán eldri borgara íbúðir. Allar íbúðirnar hafa þegar verið seldar. „Íbúðirnar sem um ræðir eru sjötíu og níutíu fermetrar að stærð. „Fjórar þeirra eru níutíu

fermetrar og sex þeirra eru sjötíu fermetrar Til viðbótar er svo sólstofa í hverri íbúð,“ segir Valdimar.

Upphaflega var gert ráð fyrir því að 15 íbúðir myndu rísa í húsinu, en Bolungarvíkurkaupstaður óskaði eftir kaupum á neðstu hæðinni síðastliðið haust og á hæðin að markað fyrsta áfanga í gerð nýs hjúkrunarheimilis í Bolungarvík. Áhersla var lögð á að heimamenn sæju um alla vinnu við gerð hússins. „Trésmiðja Ísafjarðar sá um allar innréttingar fyrir utan parketlagn en Vestfirskir verktakar sáu um að reisa húsið og fórst það vel úr hendi,“ segir Valdimar.

Samkaup

úrval

góðir grannar

Helgartilboð 18. - 21. júlí

samkaupurval.is

**50%
afsláttur**

verð áður 458 kr/pk

229 kr pk

Rauð vínber 500g

...sjá uppskrift

„Steiktur
regnbogasilungur
með kaper- og
dillsósu”

**Regnboga-
silungur**

með roði, frosinn

**25%
afsláttur**

verð áður 2.198 kr/kg

1.649 kr/kg

**35%
afsláttur**

verð áður 998 kr/kg

649 kr kg

BBQ kjúklingaleggir
frá Ísfugli

...sjá uppskrift

Á grillið!

„Svínahnakki
maríneraður í
sojasósu,
sítrónupipar og
hvítlauk”

samkaupurval.is

**50%
afsláttur**

verð áður 719 kr/pk

360 kr pk

Rjómaís, vanillu, 1 lítri

**Úrvals
svínahnakki**

úr kjötborði eða pakkaður ferskur

verð áður 1.698 kr/kg

1.358 kr/kg

**Góð
kaup!**

Ódýrt

verð áður 149 kr/pk

98 kr pk

Disney-ávaxtasafi 3x200ml
hreinn appelsínu- eða sólberjasafi

**Grill sírlöin-
steikur**

kryddaðar, frá Kjötseli

verð áður 2.198 kr/kg

1.758 kr/kg

**Góð
kaup!**

Þriðja hjólabókin í bígerð

„Bókin gengur býsna vel. Ég gerði góðan túr í síðustu viku, þá var ég að hjóla um höfuðborgarsvæðið og Reykjanes. Ég er að gera hjólabók um suðvesturhornið. Í fyrra gerði ég bók um Vesturland og svo voru það Vestfirðir árið á undan. Næsta ár fer ég á Suðurland,“ segir listmaðurinn og hjólréiðakappinn Ómar Smári Kristinsson sem gert hefur hjólabækurnar, hjólað í hring sem vakið hafa mikla lukku meðal hjólréiðamanna.

„Ég leggst yfir bækur og landakort, skoða hvaða leiðir eru spennandi og mögulegar. Svo mæti ég á svæðið og sé hvort ég hafi rétt fyrir mér, hvort þetta sé mögulegt eða spennandi. Ég hitti líka fólk og smá saman verður ferðin að veruleika eða einhverju öðru. Umhverfið hefur áhrif á hvernig verkið þróast. Kannski detta leiðir úr, kannski bætast við leiðir. Það verða þrettán leiðir í þessari bók, ég GPS mæli og ljósmynda eins og ég get. Ég hef í huga hvort drykkjarvatn sé á leiðinni eða einhverjar hættur og skoða allar sérstæður,“ segir Ómar Smári.

Úrvinnslan er mesta vinnan, að hans sögn, að velja myndirnar, teikna kortin og skrifa leiðarlýsingarnar. „Ég teikna leiðina með litum sem táknna hvers mikill bratti er á þeim svo lesandinn sjái með einni augngötu hvað má búast við miklu brekkuveseni. Ég lýsi ástandi veganna í ferða-



Ómar Smári með Vestfjarðabókina á íslensku og ensku.


lýsingu og tek gjarnan myndir af vegunum. Fólk getur því áttað sig vel á því við hverju má búast.“ Einnig eru aukakaflar í bókinni um varúðarreglur, veðurfar, almenningssamgöngur og annað slíkt sem gott er að hafa í huga þegar ferðin er skipulögð.

„Salan gengur ágætlega, prentað hefur verið annað upplag af Vestfjarðabókinni og það bendir til þess að alltaf sé að fjölga í áhugamannahópnum. Ef það væru bara þessir 1000 hjólréiðamenn á landinu væri markaðurinn mettaður en það er að seljast áfram jafnt og þétt. Þetta er enginn gróði en þetta mjetlast. Svo gerir maður sér vonir um að þriðja

bókin geti orðið söluvænleg því hún fjallar um svæði sem þriðjungur þjóðarinnar býr á og mesta hjólavakningin er,“ segir Ómar Smári.

Vestfjarðabókin er samt vinsælli en Vesturlandsbókin. „Það er einhver exótík við Vestfirði svo hún gengur betur. Ég þýddi hana yfir á ensku en hún hefur ekki selst neitt rosalega vel,“ segir Ómar.

— hordur@bb.is



Ísfirskir sjómenn andlit gilda Churchill's

Eigendur veitingastaðakeðjunnar Fish'n'Chick'n á Bretlandi horfa til Íslands og hyggjast opna stað í Reykjavík undir nýju vörumerki, Churchill's, en höfuðstöðvar þess eru í Hertfordshire. Þá er einnig ætlunin að opna staði í Sviss og Rússlandi. Markmiðið er að bjóða fyrst og fremst upp á þjóðarrétt Breta, fish and chips, eða fisk og franskar eins og það útleiggst á íslensku, en hann nýtur ávallt vinsælda og mikil og hörð keppni er á milli veitingastaða þar í landi.

Fish'n'Chick'n hefur sterk tengsl við Ísland en það hefur átt farsælt samstarf við Hraðfrystihúsið Gunnvöru (HG) til fjölda ára. James Lipscombe framkvæmdastjóri Churchill's heimsótti HG heim í júní ásamt

föður sínum Hugh Lipscombe, einum stofnenda og stjórnenda Fish'n'Chick'n. Við það tækifæri sagðist Hugh trúna því staðfastlega að gæði hráefnisins skipti mestu máli og að besta varan komi frá Íslandi. Fiskurinn sem þeir fá frá HG sé sá besti sem fáiast á markaðinum í dag.

Þess má geta að Fish'n'Chick'n hlaut verðlaun National Fish and Chip Awards 2012 sem besta veitingahúsakeðjan sem selur þennan rómaða þjóðarrétt. Á vefsíðu Churchill's er gaman að sjá að ísfirskir sjómenn eru andlit gilda fyrirtækisins. Það eru þeir (f.v.) Sveinn Geir Arnarsson, Veigar Jónsson og Haukur Davíð Jónsson.

— harpa@bb.is

Verðhækkun á fasteignum mest á Vestfjörðum

Fasteignir á Vestfjörðum hafa hækkað mest í verði, miðað við aðra landshluta, frá árinu 2008 samkvæmt greiningardeild Arion banka. Þar kemur fram að fasteignaverð á Vestfjörðum hafi hækkað um 24% á meðan verð á fasteignum lækkaði á Reykjanesi um 17% svo dæmi sé tekið. Þá er miðað við meðalverð á fermetra í hverjum landshluta sem birt er árlega af Þjóðskrár Íslands. Einnig hafa Vestfirðir komið einna best út varðandi eignamyndun.

Þróun eignamyndunar í húsnaði hjá þeim heimilum sem keyptu fasteign með 20% eigin-

fjárframlagi og 80% verðtryggðri lánsfjármögnun til 40 ára hafa komið best út á Vestfjörðum og Norðurlandi og virðast heimilin þar ekki eiga í eiginfjárvandræðum. Ef lítið er til þeirra sem keyptu húsnaði á Reykjanesi og Vesturlandi eru verst settu heimilin með í kringum 20-25% neikvætt eigið fé ef fjárfest hefði verið á árunum 2005-2009 ef ekki hefði komið til skulda niðurfellinga.

Í skýrslu greiningardeildarinnar kemur fram að þau heimili sem tóku 40 ára fasteignalán með 90% verðtryggðri lánsfjármögn-

un standa nokkuð höllum fæti, en þó ræðst staða þeirra er nýttu sér þetta lánaform töluvert eftir staðsetningu fasteignar. Þannig standa heimili sem keyptu húsnaði á Vestfjörðum almennt vel að vígi, nema þau hafi keypt húsnaði um miðbik árs 2007. Verst settu heimilin, sem keyptu húsnaði á Reykjanesi, væru með allt að 40% neikvætt eigið fé ef ekki hefði komið til 110% leiðarinnar. Sé horft til ársins 2007 þá eru aðeins þeir sem keyptu húsnaði á Vestfjörðum og Norðurlandi sem falla ekki undir 110% leiðina.

— hordur@bb.is

Líður að saltfiskveislunni

Árleg saltfiskveisla Byggðasafns Vestfjarða fer fram á laugardagskvöld. Jón Sigurpálsson forstöðumaður safnsins segir mögulegt að gestum komi eitt-hvað á óvart úrvalið á gnægtarborði veislunnar í ár. „Við verðum að sjálfsgöngu með saltfiskrétti eins og áður en það er aldrei að vita hvað við bætist. Bláskel,

kampalampar, kræklingur, hrefnukjöt, hver veit,“ segir Jón og hljómar eins og hann sitji á miklu leyndarmáli.

Saltfiskveislan hefur notið mikilla vinsælda undanfarin ár og aðsókn verið góð og hvetur Jón fólk til að fara að huga að veislunni sem verður Turnhúsinu í Neðstakaupstað líkt og í fyrra

en ekki í Tjörúhúsinu eins og áður tíðkaðist. Bacalaoband Valda Mósa spilar bæði við borðhaldið og fyrir dansi á eftir en bandið skipa Valdimar Olgeirsson á bassa, Kristinn Gauti Einarsson á trommur, Birgir Olgeirsson söngur og Tómas Jónsson á píanó. Miðapantanir eru í síma 456 3299 eða 896 3291.

Rafbylgjumælingar og varnir!
Kem á staðinn og framkvæmi þær aðgerðir sem þarf. Upplýsingar gefur Garðar Bergendal í síma 581 1564, 892 3341

Leitið upplýsinga á www.gardar.info

Garðar byrjaði árið 2000 að mæla rafbylgjur úr jörðu og rafbylgjur sem koma úr tenglum, tölvum, gsm sínum og ljósum.

Allar þessar bylgjur hafa áhrif á fólk og skepnur og geta valdið ýmsum kvillum, svo sem:

- Mígreni
- Höfuðverk
- Svefntruflunum
- Vöðvabólgu
- Exemi
- Júgurbólgu
- Myglusvepp
- Þurrk í húð vegna tölvu
- Fótverkjum
- Hefur hrif sauðf

Verð á Vestfjörðum næstu daga

VERÐI ÞÉR AÐ GÓÐU

Hjónin Þorleifur og Sjöfn rækta kínakál á garðyrkjustöðinni Gróðri á Flúðum. Það var þó ekki ætlunin að gerast garðyrkjubændur því hjónin eru bæði menntaðir kennarar. Þau segjast samt ekki sjá eftir að hafa farið út í garðyrkju. Starfið sé svo gefandi og þeim leiðist aldrei í vinnunni. Á staðnum vinna 6 manns á veturna en á sumrin allt að 15 manns.

ÍSLENSKA ÚTILS SPC 0079 0710 - Gunnarþór Hatt



islenskt.is

Íslenskt
grænmeti

ÞÚ VEIST
HVAÐAN ÞAD
KEMUR



Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfurgötu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson, 892 5362, bb@bb.is
Ábyrgðarmenn: Halldór Sveinbjörnsson, Sigurjón J. Sigurðsson.
Blaðamenn: Harpa Oddbjörnsdóttir, 846 7487, harpa@bb.is Hörður A. Steingrímsson, 691-9474, hordur@bb.is
Auglýsingar: Halldór Sveinbjörnsson, 894 6125, halldor@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandsþóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfirðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bb.is
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöndunum bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánuðögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Lofsvert framtak

Líklega er því ekki mikill gaumur gefinn þótt erlend ungmennti verji frítíma sínum við sjálfbodavinnu í óbyggðum Vestfjarða. Hvað sem eftirtektinni líður þykir BB ástæða til að vekja athygli á frétt á bb.is hinn 8. þ.m.: *Þrekvirkir sjálfbodaliða*. Þar var greint frá þeim verkum sem þetta unga fólk hafði unnið að og verkefnum fram undan. Allt snýst þetta um bættu umgengni og þar með verndun náttúrunnar, sem óumdeilt er berskjölduð fyrir síauknum ágangi ferðalangansins, sem því miður hefur, í alltof mörgum tilfellum, hirt um það eitt, sem best þótti henta, og skeytti þar með hvorki um skömm né heildur. Ungu fólkið, sem um ræðir var á vegum Umhverfisstofnunar.

Um margra alda skeið hefur byggðapróun verið í þá átt að fólk hefur þjappað sér meira og meira saman til búsetu. Þannig urðu til bæir og borgir og í framhaldinu stórborgir nútímans. Engu að síður er staðreynd að með hverju árinu sem líður vex þörfin hjá þéttbýlingum til að leita út fyrir borgarmörkin, komast í snertingu við ósnortna náttúru, geta andað að sér hreinu lofti, komast frá menguninni og ysi og þysi borgarlífsins. Þó ekki væri nema um stundarsakir.

Óbyggðirnar kalla; villt náttúra og landsvæði, sem áður voru í byggð, þótt í takmörkuðum mæli væri, en eru nú í eyði. Allt er þetta að finna á Vestfjarðakjálkanum, sem með allri sinni fegurð og margbreytileika hefur náð þeirri stöðu að vera talinn meðal áhugaverðustu staða heim að sækja, á heimsvísu.

Heimsókn ferðamannsins hefur tvær hliðar. Annarri er ætlað að skila þjóðarþúinu tekjum, meðal annars til að standa undir margþættu velferðarkerfi, sem talið er sjálfsagt að þjóðin búi við. Hin hliðin er dekkri; allt hefur sín takmörk: Ágangur, átroðningur, fjöldi ferðamanna, (nafngiftin skiptir ekki máli) allt ber að sama ósi. Daglega berast fréttir um að komið sé að þölmörkum tiltekinna staða, sem mest eru sóttir og hjá því verði ekki komist að grípa til aðgerða til varnar. Gróft orðað felst í þessu að mannfjöldinn sé við það að troða landið ofan í svæðið!

Hvað það síðast nefna varðar skiptir inngrip sjálfbodaliðanna gífurlega miklu máli. Meðal þess sem unga fólkið hefur afrekað er frágangur afmarkaðra, greiddfærra gönguleiða, sem þegar hefur sjáanlega skilað þeim árangri að dregið hefur úr hnignun gróðurs.

Einu má ekki gleyma. Það er örugglega mikil og góð auglýsing að ungt fólk, af erlendum toga, skuli með svo eftirtektarverðum hætti sýna væntumþykju sína á vestfirskri náttúru.

Fyrir slíkt ber að segja eitt stórt TAKK.

s.h.

Spurning vikunnar

Ertu orðin(n) þreytt(ur) á veðrinu í sumar?

Alls svöruðu 549.

Já sögðu 214 eða 39%

Nei sögðu 334 eða 61%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Smartnetið opnað á Ísafirði

„Við opnuðum Eyrina og efri bæinn á Ísafirði í síðustu viku. Við erum búin að koma upp samböndum til að þjónusta efri bæinn. Búnaðurinn í Sóltúni ætti að duga allan Seljalandsveg og Urðarveg. Við ætlum að það muni skila sér en þó með smá fyrirvara, það getur verið mismunandi samband,“ segir Björn Davíðsson, þróunarstjóri Snerpu á Ísafirði, sem býður upp á þjónustuna Smartnet, sem er gríðarlega öflug gagnatenging með allt að 70 Mbit/s til notanda og byggir á xDSL tækni með ljósleiðara eins nærri heimilum og kostur er.

Nokkrir hlutar í bænum verða útundan í byrjun að sögn Björns, þar sem langt er í stöðvar. Þær húseignir sem eru við Stakkanes og á því svæði eru tengdar beint

í símsstöð og því er línulengdin orðin of mikil. Verið er að leysa það mál í samstarfi við Mílu en sumarleyfi gætu tafið framkvæmdir eitthvað. „Íbúar í Holtahverfi gætu þurft að bíða lengur því það þarf að leysa mál með heimtaugar sem uppfylla ekki þá staðla sem við þurfum. Það kemur í ljós með tíð og tíma en það liggja engar upplýsingar fyrir frá Mílu um hvað það tekur langan tíma svo ekki er hægt að lofa neinni tímasetningu,“ segir Björn.

Einnig verður Smartnet í boði á Flateyri, Suðureyri og Hnífsdal síðar í mánuðinum. Þingeyri og Bíldudalur verða síðan tengd í kjölfarið. Aðrir staðir eru ekki á dagskrá í augnablikinu að sögn Björns en verið er að horfa til Súðavíkur og Bolungarvíkur.

„Það er meira eitthvað sem er inni í framtíðinni en við erum að skoða það. Það er engin tímasetning komin á það frekar en Tálknafjörð og Patreksfjörð sem einnig eru inni í myndinni. Við getum ekki boðið upp á Smartnet í Hólmavík og á Drangnesi þar sem þar vantar öflugri stofnsambönd. Þar þarf að klára ljósleiðarasambönd sem ekki er kominn tími á ennþá en unnið er að því í áföngum og það bætist alltaf við á hverju ári,“ segir Björn. Hann segir fyrirtækið ekki hugsa út fyrir Vestfirði eins og er.

Hægt verður að fá IP sjónvarp frá Vodafone í gegnum Smartnetið þar sem hægt er að kaupa sjónvarpsþjónustu af 365 og Skjánum.

– hordur@bb.is



Chris Smith skipstjóri um borð í Endeavour.

Breskir hermenn höfðu viðdvöl í Ísafjarðarhöfn

Skútan HMSTC Endeavour kom til hafnar á Ísafirði á miðvikudag í síðustu viku með áhöfn sem samanstendur af hermönnum frá konunglega breska sjóhernum sem stunda nám við siglingaskólann Joint Services Adventurous Sail Training Centre (JSATC) í Gosport á suðrströnd Englands, en hann er einungis fyrir hermenn í breska hernum.

Þriðjungur námsins felst í verklegri þjálfun á sjó og geta nemendur sótt um að taka þátt í leiðangrinum Arctic Express 2013 sem hluta af þeirri þjálfun og Endeavour er ein af skútum leiðangursins. Í leiðangrinum, sem hefur staðið frá maí og lýkur í september, eru áhafnaskipti á tveggja vikna fresti.

Aldur skipverja er frá 19 til 50 ára og kynjahlutfall er nokkuð jafnt, að minnsta kosti í þetta sinn. Chris Smith er skipstjóri í þessum legg ferðarinnar. Að sögn hans eru nemendur hvattir til að fara út fyrir sinn þægindaramma í þessari ferð, til þess að öðlast betri skilning, bæði á sjálfum sér og hópnum sem heild. Um leið fái þeir að upplifa fallett landslag, ísjaka og gríðarlega jökla og munu búa að þessari reynslu alla sína ævi.

„Eitt sem sló okkur nokkuð á

viðkomustöðum skútunnar á Íslandi er það hve allir hafa verið hjálplegir og vingjarnlegir, miklu meira en við áttum von á. Ég get varla lagt nógu mikla áherslu á hve þakklát við erum að fá svona hlýlegt viðmót,“ segir Chris.

Skútan er af gerðinni Challenge 67 og ein af 14 slíkum sem framleiddar voru fyrir The Global Challenge, eina erfiðustu siglingakeppni veraldar þar sem siglt er hringinn í kringum hnöttinn. Arftaki Challenge 67 í keppninni er Challenge 72 en númerin gefa til kynna lengd skrokksins í fetum.

– harpa@bb.is

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

NÝTT KORTATÍMABÍL FIMMTUDAG



FERSK UNGNAUTAPIPARSTEIK



140gr UNGNAUTA-HAMBORGARAR



10 x 100gr FROSNIR UNGNAUTAHAMBORGARAR

Íslandsnaut 100% hreint Íslenskt ungnautakjöt á góðu verði í Bónus



FERSKT UNGNAUTAGÚLLAS



FERSKT UNGNAUTASNITSEL



FERSKT UNGNAUTAHAKK



4 stk. 80 gramma **798 KR**
4 stk. 120 gramma **998 KR**



129
KR. 500GR



BARILLA SPAGHETTI 1 KG.



ESSENTIAL PASTASÓSUR 680 gr



179
KR. 2 ltr.

129
KR. 2 ltr.



298
KR. 4 stk

BÓNUS NÝBAKAÐAR KJALLARABOLLUR M/OSTI 4 STK



259
KR. KG.

AMERÍSKAR SÆTAR KARTÓFLUR

VINSÆLUSTU BRINGURNAR Í BÓNUS

Euroshopper frosnar kjúklingabringur 900gr



1579
KR. 900g

BONUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur



Sæla á Suðureyri

„Sæluhelgin heppnaðist alveg ljómandi vel, við fengum bara ágætt veður og allir voru yfir sig ánægðir eftir því sem ég best veit,“ segir Ævar Einarsson mansavinur um nýafstaðna bæjarhátíð á Suðureyri. Hátíðin hefur

Fjórir flottir efna til afmælistóts

Golffélagarnir Fjórir flottir á Ísafirði, sem reyndar eru orðnir þrír (Birgir, Gunnar og Þröstur) efna til 10 ára afmælistóts á golfvöllinum í Tungudal á laugardag. Spilað verður Texas Scramble og ræst út af öllum teigum. Vegleg verðlaun verða veitt fyrir fyrstu þrjú sætin auk þess sem veitt verða verðlaun þeim sem slá næst holu á þar 3 brautum.

Að móti loknu verða flottar veitingar og allir þátttakendur leystir út með gjöfum. Afmælisgjafir eru afþakkaðar en styrkja má unglingastarfið hjá Golfklúbbi Ísafjarðar. Mótið hefst kl. 10 á laugardagsmorgun. Þátttökugjald fyrir parið er kr. 2.000. – bb@bb.is

verið við lýði í aldarfjórðung og koma gestir víða að til að taka þátt í fjörinu. Þá var mansakeppnin einnig haldin í 26. sinn en það voru ekki margir sem tóku þátt þetta árið að sögn Ævars. Kannski veðurspáin hafi haft einhver áhrif þar. Hann segir mætinguna hafa verið góða á hátíðina. Alltaf sé ákveðinn kjarni brottfluttra Súgfirðinga sem sækja hana en síðan er alltaf einhver reytingur af fólki annars staðar

frá og sumir jafnvel að kíkja í fyrsta sinn.

„Það var svolítið kalt á föstudagskvöldinu en við áttum ráð við því. Við tjölduðum fyrir fram- an Bryggjukot og vorum þar allt kvöldið. Fyrir um daginn voru nýir „skopparar“ krýndir eftir Gjarðaskoppið sem er fastur líður á dagkrá helgarinnar. Litapema hátíðarinnar var appelsínugulur í ár og verðlaun fyrir besta búa-inginn hlutu tvær systur sem

drógu fram fjórtíu ára gamalt prjón frá mömmu sinni. Það voru þær Svava Rán og Fríður Bára Valgeirsdætur. Húsmæðrafótboltinn fór fram á laugardegnum en þar lutu heimahúsmæður í lægra haldi fyrir aðkomuhúsmæðrum sem héldu á brott með bikarinn,“ segir Ævar.

„Söngvarakeppnin var líka hin glæsilegasta en met var sett þegar úrslitin fóru fram en þá voru örugglega um hundað og fimmtíu

manns í salnum,“ segir hann. Tinbarki sjö ára og yngri var Þórhildur Helga Pálsdóttir, Bronsbarki átta til tólf ára var Theodór Páls- son sem er bróðir Þórhildar, Silfurbarki þrettán til sautján ára var Guðrún Pálína Karlsdóttir og Gullbarki átján ára og eldri var Auður Birna Guðnadóttir. Theodór var líka valinn bjartasta vonin fékk Rabbabikarinn sem er farandbikar til minningar um Rafn Jónsson trommuleikara.

Stjórnsýslan virkar ekki fyrir litlu þorpin

Tillaga bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar þess efnis að ekki eigi að samþykkja umsókn Elíasar Guðmundssonar um frumkvöðlastyrk vegna endurbyggingar gamalla húsa á Suðureyri, var samþykkt á fundi bæjarráðs. Telur bæjarstjóri umsóknina ekki uppfylla reglur um frumkvöðlastyrki Ísafjarðarbæjar að svo stöddu. Það sé því mat bæjarstjóra að ekki eigi að samþykkja umrædda umsókn. Bendir hann jafnframt á að Elías geti sótt um aftur að ári.

Elías segir niðurstöðu bæjarráðs koma sér á óvart. „Ég hef ekki legið á þeirri skoðun minni að núverandi stjórnsýsla Ísafjarðarbæjar sé ekki að virka fyrir litlu þorpin og fyrir þá skoðun

mína hef ég fundið ítrekað fyrir því að þau málefni sem snúa að mér eða mínu fyrirtæki séu einfaldlega sett á ís eða send inn í einhver svarthol þar sem erindum er ætlað að gleymast. Menn vilja frekar fara í manninn en málefnið. Ég reyndar sendi þessa umsókn á atvinnumálanefnd eins og var beðið um og nefndin fjallaði fyrst um málið og bað um frekari útskýringar. Nefndin fékk ekki tækifæri á að ræða það svarbréf því bæjarstjórinn tók einhliða ákvörðun um að þessu yrði hafnað og kynnti það eftir á þannig fyrir nefndarmönnum og bæjarráði. Til hvers átti maður þá að vera að svara nefndinni eins og hún bað um?“ segir Elías.

Elías segur ákvörðun bæjarráðs hafa áhrif á framkvæmdir við endurbyggingu húsa við Rómarsstíg. „Óskað var eftir samningi við bæinn um sex lóðir við Rómarsstíg til að setja það á blað hver ætti að gera hvað og hvenær í þessu ferli. Ég brenndi mig nefnilega illa á því þegar ég byggði nýu hús við Melagötu á Flateyri að þrátt fyrir að hafa verið búinn að greiða gatnagerðargjöld, ætlaði bæjarfélagið ekki að gera götu við húsinn. Ég þurfti því að finna verktaka út í bæ til að framkvæma þá gatnagerð sem lánaði bænum fyrir því þar til bærinn gat sinnt sínu hlutverki ári seinna.

Þegar ég byggði þrjú hús við

Höfðastíg á Suðureyri var ruglingurinn enn meiri. Ég vildi bara tryggja að við myndum ekki lenda í sömu vitleysunni aftur og því óskaði ég eftir samningi við bæinn um þessar lóðir. Við erum búin að röfla í bæjarapparátinu það lengi til að koma málinu eitt- hvað áfram, að við sem að verk- efninu stöndum metum það svo að nú sé rétt að setja verkefnið á bið og sjá til síðar hvort áhugi komi hjá pólitíkinni í Ísafjarðarbæ á því að vinna almennt að framgangi mála utan Ísafjarðar. Ég vona bara innilega að þetta áhugaleysi fari ekki enn verr með þorpin því þau þurfa hjálp með sín ýmsu almennu málefni sem sitja á hakanum,“ segir Elías.

Flóridana GOJI

Í 1 lítra af Flóridana Goji er safi úr
72 nýpressuðum gojiberjum

Nýtt

Nýr og heilnæmur safi með eplum, appelsínum, gulrótum, ferskjum, ástaraldinum og gojiberjum hefur bæst í hóp Flóridana safa. Gojiber eru afskaplega næringarrík og innihalda mikið magn steinefna en eru einnig mjög auðug af C-vítamíni og beta-karótíni. Í þeim er mikið magn andoxunar-efna sem talin eru styrkja frumur hratt og efla þar með ónæmiskerfið. Gojiber eru oft kölluð hamingjuber vegna ætlaðra jákvæðra áhrifa þeirra á bæði andlega og líkamlega heilsu.

Gojiber eru talin:

- Hafa góð áhrif á sjónina
- Efla ónæmiskerfið
- Vernda lifrina
- Styrkja blóðrásina
- Draga úr matarlust
- Auka hraða efnaskipta – hjálpa til við brennslu
- Draga úr þreytu og stuðla að betri svefni





Okrað á farþegum skemmtiferðaskipa?

Farþegar skemmtiferðaskipa sem koma til landsins geta keypt ferðir á viðkomustöðum skipanna hjá ferðaskrifstofum um borð. Samkvæmt upplýsingum BB eru dæmi þess að dagsferðir í Vigur, sem kosta 8.100 krónur á mann hjá Vesturferðum, séu

seldar á yfir 30 þúsund krónur eða fjórföldu verði. Nancy Bechtloff, framkvæmdastjóri Vesturferða á Ísafirði, segir misjafnt á milli skipa hve mikið er rúkað fyrir ferðirnar, en ítrekar að það sé ekki í höndum Vesturferða. „Milliliðir í Reykjavík sjá um

samninga við skipin og þeir frá afslátt í ferðirnar okkar. Þeir verðleggja þær upp á nýtt til skipanna sem síðan bæta ofan á verðið og selja til sinna farþega,“ segir Nancy. Vesturferðir sjá ekkert af þessum viðbótarkostnaði. „Við stjórnum því lítið verðlagningu

unni til farþeganna,“ segir Nancy. Guðrún Kristjánsdóttir hjá Sjóferðum Hafsteins og Kiddýar á Ísafirði hefur sömu sögu að segja, þau sjái heldur ekkert af þessum viðbótarkostnaði. Telur hún líklegt að verðið hjá ferðaskrifstofum skemmtiferðaskipa

anna sé hið minnsta þrífætt, einn hlutinn fari til samstarfsaðila í Reykjavík, annar til ferðaskrifstofanna um borð í skipunum og sá þriðji til þess fyrirtækis sem viðkomandi ferð er farin hjá erlendis. Sjá nánar frétt á bb.is.

– harpa@bb.is

Íbúðalánasjóður vinni með sveitarfélögum

„Við höfum verið að berjast við það að margar fjölskyldur vilja koma og búa í Súðavík og þá er húsnæðiskosturinn oft stærsti hlutinn af ferlinu. Það er stórt verkefni þegar fækkar í byggðum og stór áskorun að fara út í að vaxa og eflast á ný og betra en hitt. Þegar fyrirtæki staðsetja sig hér þarf margt að breytast varðandi húskast,“ segir Ómar

Már Jónsson, sveitarstjóri Súðavíkurhrepps, en margar eignir bæjarins eru í eigu Íbúðalánasjóðs og standa auðar.

„Íbúðalánasjóður heldur á mörgum eignum og það skiptir máli að sjóðurinn vinni með sveitarfélaginu í að leysa úr þeim málum, svo byggðin geti eflast aftur með eðlilegum hætti, og sé ekki dragbítur á þá þróun eða

breytingar. Íbúðalánasjóður hefur möguleika á að leigja út íbúðir en þarf þá að velja á milli þess að selja eða leigja og þar með viðurkenna að leigumarkaðurinn sé betri kostur en að selja. Þeir fá þá allavega eitthvað fjármagn upp í eignina. Það skiptir máli að þeir opni möguleikann á leigu fyrir fólk sem ekki hentar að kaupa,“ segir Ómar Már.

Hann segir margar góðar ástæður fyrir því að fólk vilji búa í Súðavík. „Við njótum umhverfisins, hér er einstök náttúrufegurð, stillur, og þessi bæjarbragur sem er mjög góður. Fólki líður vel herna og þótt við höfum verið að horfa upp á breytingar á samfélögum er það ekki staðbundið hér, það er þróunin á mörgum stöðum í heiminum. Fólk er að

eiga mörg heimili á ævinni sem er hluti af þróuninni, en þeir sem kynnast staðnum og ná að upplifa hann líður vel í þessu umhverfi.“

Svipað er uppi á teningnum í öðrum minni bæjum á norðanverðum Vestfjörðum þar sem Íbúðalánasjóður á eignir sem standa auðar á meðan skortur er á leiguhúsnæði í bænum.

– hordur@bb.is

Plötusnýði ríkisins

Plötusnýði er hér notað yfir þá athöfn að plötusnúðar snúi plötum, með tónlist á, sér og öðrum til skemmtunar. Oftast er talað um diskótek, sem er íslenskun á samhljóða erlendu orði er á sér tilvist í mörgum tungumálum. Það er ágætis iðja að spila tónlist af hljómskífum fyrir aðra og skemmta þeim á þann veg. En er það brýn nauðsyn að leika þessar afurðir á kostnað ríkisins? Margir hafa skoðanir á því hvort og þá hvernig ríkisútvarpið skuli rekið. Um hið íslenska ríkisútvarp gilda nú lög númer 23 frá 20. mars 2013. Þau heita því upphafna nafni lög um Ríkisútvarpið (með stórum staf), fjölmiðil í almannapágu. Nánar til tekið segir um markmið þeirra orðrétt í 1. grein laganna: „Markmið laga þessara er að stuðla að lýðræðislegri umræðu, menningarlegri fjölbreytni og félagslegri samheldni í íslensku samfélagi með fjölmiðlaþjónustu í almannapágu. Ríkisútvarpinu er falin framkvæmd hennar eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum. Ríkisútvarpið er þjóðarmiðill og skal rækja fjölbreytt hlutverk sitt af fagmennsku, metnaði, heiðarleika og virðingu. Það skal leggja rækt við íslenska tungu, menningu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð.“

Háleitt er markið. Stendur ríkisútvarp, rekið er fyrir skattfé almennings, undir því? Er eðlilegt hlutverk ríkisvaldsins að halda

uppi fjölmiðlun? Sé svarað játandi, hlýtur að vakna spurning um hlutverk ríkisins á dagblaða- og tímaritamarkaði. Afar fáum finnst það vera hlutverk ríkisins að gefa út dagblað eða –blöð, hvað þá tímarit. Þó hlýtur hvort tveggja að falla undir fjölmiðlaþjónustu í samræmi við markmið ríkisútvarpslaga. Allir sem skattskyldir eru skulu fá lagt á sig gjald, krónur 18.800, til þess að standa undir ríkisútvarpinu. Undanþegnir eru þeir sem ekki ber að greiða í Famkvæmdasjóð aldraðra. Ríkisskattstjóri leggur gjaldið á. Þetta er sérstakur skattur. Engin leið er að losna undan greiðslu. Engu að síður er ríkisútvarpinu leyft að selja auglýsingar í samkeppni við aðra. Um fréttir þess efast margir. Nægir að nefna nokkuð einhliða fjöllum um Evrópusambandið, er margir skattþegnar telja vera fyrir hendi og eru óánægðir með.

Um menningarhlutverk þess efast all margir. Íslensku máli fer þar hrakandi. Margir, einkum eldra fólk, vill halda því sem útvarpað er á Rás 1. Þar glittir víða í menningararfleifð. Margt er vel gert, einkum að geyma gamlar upptökur, þótt misbrestur hafi orðið á liðnum áratugum. En það verður ekki talið brýn nauðsyn að snúa plötum í þágu almennings og á hans kostnað. Þar eiga menn að hafa val. Það ætti einnig að vera val að segja þjónustunni upp.

Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakandi umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Hlaupahátíð á Vestfjörðum

19.-21. júlí 2013



Dagskrá

Föstudagur 19. júlí

16:00 Sjósund við sjósportmiðstöðina í Neðsta.
Hægt að velja um 500 og 1500 m

20:00 21,1 km Óshliðarhlaup sem hefst í Bolungarvík en lýkur á Silfurtorgi.

20:40 10 km Óshliðarhlaup sem hefst á Óshliðinni en lýkur á Silfurtorgi.

Verðlaunaafhending er á Silfurtorgi og hefst hún kl. 22:15 og hvetjum við alla bæjarbúa að mæta og hvetja hlauparana þegar þeir koma í mark en von er á þeim fyrstu um kl. 21:00.

Laugardagur 20. júlí

10:00 55 km fjallahjólreiðakeppni sem hefst og endar við sundlaugina á Pingeyri.

11:30 2 og 4 km skemmtiskokk á Pingeyri.

Þennan dag verður einnig útiyoga, vöffur bakaðar og fleira skemmtilegt við sundlaugina á Pingeyri. Hvetjum alla að koma til Pingeyrar og taka þátt í skemmtilegri dagskrá og hlaupa aðeins með börnunum.

Sunnudagur 21. júlí

08:00 45 km Vesturgata.

11:00 24 km Vesturgata.

12:45 10 km Vesturgata.

Öll hlaupin enda á Sveinseyri en startað er á mismunandi stöðum.

Hlaupahátíð á Vestfjörðum verður haldin um helgina í Bolungarvík, á Ísafirði, Pingeyri og í Arnarfirði.

Þar geta allir fundið eitthvað við sitt hæfi, s.s. sjósund, hlaup, skemmtiskokk og hjólreiðar.

Hægt er að skrá sig í versluninni CraftSport í dag fimmtudag frá klukkan 16-18 og á morgun á sama stað frá klukkan 12-18. Á laugardag og sunnudag er einnig hægt að skrá sig við sundlaugina á Pingeyri.

Hlaupahátíðin hvetur alla að taka þátt í frábærri hátíð.

Nánari upplýsingar eru á vef okkar hlaupahatid.is

Stoltir styrktaraðilar Hlaupahátíðarinnar



Ametyst | Bakarinn | Bræðraborg | Dalbær Snæfjallaströnd | Dekurstofan Dagný | Dress up games | Einarshús
Ferðapjónustan Reykjaness | Fótaaðgerðastofan Silfá | Gamla Bakarið | Gistiheimili Áslaugar | GÖK húsmið
Guesthouse 66 | Hafnarbúðin | Hamraborg | Hárfloppur | HG | Hótel Ísafjörður | Hótel Sandafell | Húsið
Ísafjarðarbíó | Jakob Valgeir | Jón og Gunna | Kaupmaðurinn | Melrakkasetrið | Nuddstofa Agnesar
Rammagerðin | Samkaup | Samskip | Simbakaffi | Sjóvá | Snýrtistofan Mánagull | Studio Dan | Særaf
Thai Koon | Tjörúhúsið | Vestfirskir Verktakar | Vesturferðir | Vélsmíðjan Prymur | Þristur

SUMARTILBOÐ



VIDAR
PALLAOLÍA 4L
4.990,-



VITRETEX
ÚTIMÁLNING Á STEIN
20% AFSLÁTTUR Í 4
OG 10L DÓSUM



VIDAR
ÞEKJANDI OG
HÁLFÞEKJANDI
20% AFSLÁTTUR Í 4L
DÓSUM

Málningarbúðin
Ísafirði

Sindragata 14
Sími: 456 4550

OPNUNARTÍMI: MÁNUDAG—FÖSTUDAG 08:00-18:00
LAUGARDAG 10:00-13:00

Langaði að verða ljóðskáld

Tónlistarmaðurinn Örn Elías Guðmundsson, betur þekktur sem Mugison, kallaður Öddi af vinum og vandamönnum, var í vinnufötunum með skiptilykil í hendi þegar blaðamaður hitti á hann að kvöldi til í Vélsmiðjunni Þristi á Ísafirði. Hann var að smíða sér stand fyrir apparat, með aðstoð vinar síns, sem var liður í undirbúningi fyrir siglingu hringinn í kringum landið á fimmtíu ára gömlum trébat, Húna öðrum. Hann var saddur og sæll, nýkominn úr mat, og sagðist geta gefið blaðamanni korter til að spyrja örfárra spurninga.

„Ég smíðaði aðra svona græju fyrir nokkrum árum með vini mínum, það var tölvuútgáfa og þetta er analóg útgáfa svo ég geti sleppt tölvunni. Orgelgjafarnir og allt draslið er bara þarna í rekknum hjá mér og allir takkarnir,“ segir Öddi um græjuna sem hann var að smíða utan um, en hann hafði teipað apparatið allt að utan vegna þess hvað það var ljótt. Hann var spenntur fyrir ferðinni, enda eðalfólk í áhöfninni með honum, en það var nóg að gera í undirbúningnum.

„Framundan er Húni annar næstu þrjár vikur. Það er bara gaur sem heitir Jón Þór og er Ísfirðingur ágætlega kunnur. Hann á heima í Sólskinshöllinni sem er frægt hús hérna. Hann á þetta alveg, þetta er algjörlega hans dæmi. Allir popparar á Íslandi hafa örugglega fengið þessa hugmynd, að fara á bát í kringum landið og þurfa bara að stilla upp á svið einu sinni og fara svo bara að sigla. Þetta hljómar svolítið eins og svona hasshausahugmynd, en stóri munurinn á okkur og hinum tónlistarmönnum sem hefur dottið þetta í hug er að Jón Þór er vinur okkar. Hann bara masaði þetta, tók þessi 3000 símtöl sem þarf til að láta þetta gerast. Ég hlakka ekkert smá til að sigla hringinn í kringum landið. Júlí ætti að sleppa veðurlega séð, ef einhvern tímann,“ segir Öddi.

Æskuárin

Áhöfnin á Húna öðrum leggur úr höfn nokkrum dögum eftir að þetta er skrifað, en þessi saga byrjar á allt öðrum stað. Við ákváðum að venda kvæði okkar í kross enda mun skemmtilegra að mæta á tónleikana en lesa um ferðina fyrirfram, og ræða frekar persónuna sem er í viðtalinu, Ödda sjálfan. Og gera úr þessu hálfgerð drottningarviðtal, hvaða merkingu sem fólk leggur í það.

„Ég ólst upp í Bolungarvík til sex ára aldurs. Æði sund og stökk í snjóinn af íþróttahúsinu og hoppaði í ána. Það er það eina sem ég man eftir mér. Þá ertu kominn með allar minningar mínar úr Bolungarvík. Þá fluttum við til Afríku þegar ég var sex ára, eða Cape Verde heitir það,“ segir Öddi um uppvaxtarárin í Víkinni. Eftir það ólst hann upp á Grænhöfðaeyjum, eða Cape Verde, sem er eyjaklasi við vesturströnd Afríku.

„Pabbi var að kenna innfæddum að veiða túnfisk á togara, var að þróa það, og ég var krakki að leika mér á ströndinni og var mikið í að reyna að bjarga þessum villtu köttum og hundum líka sem ég mátti svo aldrei eiga en ég var helvíti lunkinn við að reyna að sannfæra foreldrana, eða réttara sagt mömmu, pabbi var alltaf úti á sjó. Þá spreypaði ég oft kvikindin með flugnaspreyi til að hreinsa þau alveg almennilega áður en þau kæmu inn á heimilið. Ég hélt að þeim liði svo vel, þau lögðu sig alltaf strax. En þau vöknuðu öll aftur og ég mátti aldrei eiga neitt af þeim,“ segir Öddi um uppvöxtinn á Grænhöfðaeyjum, en hann fékk þó draum sinn um að eignast gæludýr uppfylltan um síðir.

Aparnir

„Svo mátti ég eiga apa, það var einn af vinum hans pabba sem var sjóari og gat ekki séð um apann. Þessi api var búinn að kúka allt út í íbúðinni hans í margar vikur og ég var alltaf að banka upp á og fá að vera aðeins með apann hans. Svo var hann þunnur einn daginn og sagði: „Heyrðu Öddi, ef þú þrífur hérna helvítis íbúðina máttu eiga þetta drasl,“ þannig að ég tók einhverja tvo daga í þetta og þreif all-

an skítinn og allt pissið og ég man alveg eftir því að þetta var alveg þykkt lag af pissi og saur. Ég hef verið svona sjö til átta ára.“

Sá api var skapstygur og örugglega smá geðveikur að sögn Ödda sem komst að því seinna að það hafði verið farið illa með hann. „Þetta var svona sjóapi sem einhverjir skipverjar höfðu farið svolítið illa með. En hann var ágætis vinur minn, svo gáfum við hann eitthvert, þetta gekk ekki alveg upp. Hann beit einhvern og það gerðist eitthvað svona leiðinlegt. Seinni apinn minn var öllu skemmtilegri, blíðari og svona, en það var smá vandamál með magann í honum, hann var alltaf með niðurgang. Hann fór með mér á fótboltaleiki og svaf úti á svölum, hann var hjá okkur nokkra hríð og hét Gosi.“

Kall listarinnar

„Ég var mikill íþróttamaður og hélt að ég yrði íþróttamaður þangað til ég hitti Kjartan í Hrísey, hann er skáld, og í stuttu máli hætti ég við að verða íþróttamaður og ákvað að gerast listamaður því hann var svo töff. Ég hef alltaf verið mikið í músík, pabbi er mikill músikmaður og stofugræjurnar voru kannski bestu vinur manns í rauninni og kasettugræjur og drasl. Ég held ég hafi eytt miklu meiri tíma með músík heldur en vinum frá því að ég var svona kannski sex ára eða fimm ára, ég veit það ekki. En ég byrjaði ekki að spila á gítar fyrr en ég varð þrettán ára, það er svolítið seint,“ segir Öddi.

Það er stutt að segja frá því hvernig hann byrjaði að spila og virðist einkennast svolítið af tilviljun, líkt og margir aðrir hlutir í lífi Ödda:

„Pabbi bauð systur sinni í mat og laug að henni að það væri nautasteik, en þetta var hvalkjöt, hún sagðist aldrei ætla að borða hvalkjöt og það var eitthvert mission hjá honum að troða þessu ofan í hana. Hún var komin vel í glas og kenndi mér Hudson Bay eftir Magnús Eiríksson sem varð besta lag í heimi í tvö-þrjú ár og ég spilaði það úti eitt.“

Áhrifavaldar

Tónlistin rennur saman við lífið og ekki er alltaf auðvelt

að greina hvar áhrif tónlistarinnar og tónlistarmanna enda. Aðspurður um áhrifa-valda í tónlistinni segir Öddi:

„Foreldrarnir höfðu áhrif og músikin hefur óbeint áhrif á mann. Ég var að hlusta á Megas og lesa ljóð eftir Dag Sigurðarson, það opnaði fyrir einhvers konar gjálfi og mér fannst það eitthvað töff. Ég man þegar ég fór til Reykjavíkur og mér fannst rónar vera bara mest töff lið sem ég hafði séð, það var töff að vera með þeim og fara með rímur og ég held það hafi bara verið vegna þess sem ég var að hlusta á, þetta voru fyrirmyndir, Megas og Bubbi náttúrulega og Dr. Gunni, eða S.H. draumur um tíma. Ég held að óbeint hafi maður opnað á þetta, maður filar eitthvað og skoðar þessar konur og karla og fer óbeint að hafa áhuga á alls konar hlutum.“

Öddi segir að það hafi verið aðallega þessi Kjartan sem hafði þau áhrif að hann vildi verða listamaður, honum fannst svo geðveikt töff og langaði aðallega að vera ljóðskáld eða skáld en fannst hann ekki hafa nógu mikla einbeitingu í það að halda einhverri hugsun nógu lengi. „Mér fannst ég samt alveg vera nógu frjór til þess að vera hugmyndaáríkur og þá held ég að tónlistamaður hafi meikað alveg sens. Það var alveg nóg að vera frumlegur í fjórar mínútur og taka sér svo góða pásu og byrja á næsta lagi.“

Sviðsljósið

„Það gekk mjög vel að koma sér á framfæri. Þegar ég kom heim úr námi árið 2002 fékk ég að hita upp fyrir Skúla Þórðarson, alveg helling, og ég fékk líka að vera með gigg með Eiríki Norðdahl þar sem hann las upp og ég spilaði eitthvað. Fyrsta hringinn minn fór ég með honum. Það gekk ótrúlega vel, ég held ég hafi verið heppinn, ég kunni illa á gítarinn og allt drasið og þetta tók langan tíma. Ég var mjög lélegur ábyggilega fyrstu tvö þrjú árin og bara þakka Guði fyrir að fólk var ekki að segja manni sannleikann,“ segir Öddi um sín fyrstu skref í tónlistinni.

„Fyrir mér er þetta ekki eitthvert meik dæmi, bara svona tilfinning. Eins og að spila á

gítar eða eitthvað, svipað og eiturlyf. Fólk þekkir þetta kannski best í því að fara í sumarfrí eða á tónleika eða giftingarveisur þar sem tíminn líður ógeðslega hratt, óþægilega hratt, og það er þetta eiturlyf sem mér finnst músik vera. Það er enginn tími fyrir neitt, það er allt of mikið í gangi og samt er maður í einhverjum hliðarveruleika sem meikar ekki alveg sens,“ segir Öddi og virðist vera uppteknari af tónlistinni sjálfri en að meika það.

Viðbætur og lokaorð

Aðspurður hvernig hann hitti Rúnu eiginkonu sína og hvernig honum datt í hug að festa ráð sitt í Súðavík segir hann: „Ég var að hita upp fyrir Skúla Þórðarson á Langa Manga og hún var bara sætasta stelpa á barnum. Nei, við bara urðum vinir og það var geðveikt gaman. Mamma hennar býr í Súðavík og við vorum að drekka bjór eitt kvöldið og fréttum af húsi sem væri kannski til sölu við hliðina á henni, við bönguðum upp á og keyptum það óvart af Óskari.“

Hann segir frábært og yndislegt að búa í Súðavík þegar mikið er að gera á tónleikaferðalögum og í öðru sem tengist tónlistinni. Öddi hlustar þó ekki mikið á eigin tónlist nema þegar hann er að búa hana til.

„Þegar ég er að búa hana til hlusta ég óheyrilega mikið á hana, meðan hún er í þróun, en svo hlustar maður ekkert á hana, bara ekki neitt. Nema stundum hef ég þurft að pikka sjálfan mig upp, þá hef ég hlustað á mig til að pikka mig upp. Þegar ég man ekki gripin lengur eða eitthvað lag sem ég hef ekki spilað lengi. Textarnir detta út, ef ég hef ekki spilað þá lengi detta þeir út en svo koma þeir aftur,“ segir Öddi og er að detta út. Farinn að horfa til baka inn í vélsmiðjuna.

Vélahljóð og hávaði kalla á hann inni en þegar þarna er komið í viðtalinu erum við komnir út fyrir dýrnar sökum hávaðans í tækjunum. Hann stekkur aftur inn til að halda áfram að smíða og viðtalinu er lokið enda vinnandi maður sem er að undirbúa sig fyrir að fara á sjóinn.

– hordur@bb.is



Körfu- boltafrú í Sundsvall

Edith Guðmundsdóttir Hansen býr í Sundsvall í Svíþjóð ásamt unnusta sínum, Jakobi Erni Sigurðarsyni sem spilar körfubolta með Sundsvall Dragons og sonum þeirra tveimur Óliver Ara og Viktori Atla.

smáar

Til sölu er kontrabassi og einnig Yamaha píanó. Upplýsingar í síma 893 3783 (Magnús).

Til leigu er góð 110m² íbúð á eyrinni í vetur. Húsgögn geta fylgt. Uppl. í síma +47 45870568.

Til sölu er VW Bora árg. 2004, ekinn 155 þús. km. Sjálfskiptur. Góður bíll, ný tímareim, vatnsdæla, nýtt í bremsum og nýir diskar að framan. Upplýsingar í síma 894 4032.

Heima að heiman



Mín Naustahvilt

Sundsvall liggur á milli tveggja hæða (þær myndu nú ekki teljast til fjalla á Íslandi), Norra Berget og Södra Berget. Hægt er að ganga eða keyra upp á norðurfjallið og þaðan hefur maður útsýni yfir allan bæinn eins og hann leggur sig, rétt eins og í Naustahvilt.

Sælkerar vikunnar eru Sigríður Hulda Guðbjörnsdóttir og Sigurjón Sveinsson í Bolungarvík

Lambalæri með myntu

Við erum með uppskrift af lambalæri og með og eftirrét sem er algjört æði. Að borða góðan mat í góðum félagskap er alltaf skemmtilegt, þetta er máltíð sem slær alltaf í gegn.

Lambalæri með hvítlauk og myntu

Ein lúka fersk mynta eða tæp matskeið af þurrkaðri myntu 4-5 hvítlauksgeirar 2-3 tsk sjávarsalt 3-4 msk matarolífa Allt sett í mortel og maukað saman. Þessu er makað á lærið, það síðan sett í ofn við 180 gráður í 1 ½ - 2 tíma eftir því hvað lærið er stórt.

Sætar kartöflur í rifsberja-

hlaupi

Tvær sætar kartöflur skornar niður í breiða strimla. Tvær matskeiðar af íslensku smöri skellt á pönnu og svo kartöflurnar, þegar þær eru orðnar vel heitar þá eru 2-3 matskeiðum af rifsberja-hlaupi sett útá og hrært vel saman. Passa samt að ofsteikja ekki kartöflurnar.

Sósa

Sósuna gerum við úr soðinu af lambalæri og bragðbættum með rjómi, salt og pipar eftir þörfum og svo þarf að þykkja hana með hveiti og vatni eða mjóli.

Salat

4-5 msk af grískri jógúrt Ein rauð papríka

Eitt grænt epli

Einn poki klettasallat (rucola) Ein matskeið epla edik Smá sjávarsalt og svartur pipar Öllu skellt í skál og hrært saman, gott að byrja á að hræra jógúrtina aðeins áður.

Súkkulaði mousse borin fram með létt þeyttum rjóma

100 suðursúkkulaði 3 egg 1 ½ dl rjómi Súkkulaðið brætt, einni og einni eggjarauðu bætt varlega saman við. Stífpeytið eggjahvíturarnar og blandið þeim varlega saman við súkkulaðið og eggjarauðuna. Kælið aðeins meðan rjóminn er stífpeyttur og honum




síðan bætt út í. Sett í 4-6 litlar skálar og inn í ísskáp í c.a. 3-4 tíma áður en hann er borin fram.

Við skorum á Halldóru Dagnýju og Gareth Rendall til að vera næstu sælkerar vikunnar.




Mitt Silfurtorg

Þetta torg er miðpunktur bæjarins. Hér eru oft sölubásar á helgum og hér eru flest allir viðburðir bæjarins haldnir. Hér skín sólin ekki stóran hluta af vetrinum rétt eins og á Ísafirði þannig að hér sitja bæjarbúar Sundsvall og standa upp við húsveggi að drekka í sig sólina effir veturinn.



Minn Tungudalur

Í Sundsvall er lítið skíðasvæði, álíka stórt og í Tungudal. Hingað fór ég með strákinn minn á sleða í vetur og það minnti mig á frábæra skíðadaga á Seljalandsdal með stórfjölskyldunni um páska, með heitt kakó í brúsa og suðusúkkulaði og rúsinur í poka.



Minn Ísafjörður

Þessa fallegu mynd keypti ég í Vestfirzku versluninni fyrir tveimur árum og hún hangir á besta stað í stofunni hjá mér. Mér finnst yndislegt að hafa Ísafjörð þar sem ég sé hann á hverjum degi, minnir mig á hvaðan ég kem og allar skemmtilegu minningar sem ég á þaðan.



Minn Skipagöturóló

Þetta er eini opni rólóvöllurinn sem ég hef fundið í bænum, svolítið eins og Skipagöturólóiinn á Ísafirði. Hingað fer ég nánast daglega með strákana mína að leika þar sem hann er í göngufæri frá íbúðinni okkar.

SUMARDANSLEIKURINN 2013



Í EDINBORG
Í SAMVINNU VIÐ
HÚSIÐ OG
EDINBORG BISTRÓ

laugardaginn 20. júlí kl. 12-3
18 ára aldurstakmark
2.500,- kr.



Vestfirðingur vikunnar

Nafn: Þórir Guðmundsson
Aldur: 25 ára
Atvinna: Lögreglumaður
Stjörnumerki: Hrútur
Maki: Guðrún Kristín Bjarnadóttir
Börn: Sigrún Þórey Þórisdóttir, 1 árs

17. JÚLÍ - 23. JÚLÍ
★ **Ísajarðarbið** ★
Elsta samfelld starfandi bið á Íslandi
DOLBY DIGITAL 3D Facebook Ísajarðarbið skemmtun.is

RISA BÍÓHELGI

TO FIGHT MONSTERS WE CREATED MONSTERS
SÝND Í 3D
PACIFIC RIM
ON JULY 12

MIDVIKUDAG 17. JÚLÍ KL 8 Í 3D
FIMMTUDAG 18. JÚLÍ KL 8 Í 3D
LAUGARDAG 20. JÚLÍ KL 8 Í 3D

SÝND BÆÐI Í 3D OG 2D M/ ÍSLENSKU TALI
Disney PIXAR
SKRÍMSLA HÁSKÓLINN
OG 2D M/ ENSKU TALI OG ÍSL TEXTA

FOSTUDAG 19. JÚLÍ KL 8 Í 2D ENSKYT TAL + TEXTA
LAUGARDAG 20. JÚLÍ KL 3 Í 3D ÍSLENSKYT TAL
SUNNUDAG 21. JÚLÍ KL 3 Í 2D ÍSLENSKYT TAL
SUNNUDAG 21. JÚLÍ KL 5 Í 3D ÍSLENSKYT TAL

SÝND BÆÐI Í 2D OG 3D
JEFF BRIDGES RYAN REYNOLDS
RIPD
REST IN PEACE DEPARTMENT

SUNNUDAG 21. JÚLÍ KL 8. SÝND Í 3D
MÁNUDAG 22. JÚLÍ KL 8. SÝND Í 3D
ÞRIÐJUDAG 23. JÚLÍ KL 8. SÝND Í 2D



Hvað ertu að gera þessa dagana?

Nú er ég í starfsnámi hjá Lögreglunni á Ísafirði. Ég hóf skólavist í Lög-regluskóla ríkisins í janúar síðastliðinn og útskrifast þaðan í desember næstkomandi. Þannig að ég bý hér fyrir vestan í sumar með fjölskyldunni en flyt aftur suður til Reykjavíkur í september. Það er ekki mikið annað sem ég er að gera þessa dagana en að vinna.

Hvaða fjögur orð lýsa þér best?

Rólegur, þrjóskur, samviskusamur og matgæðingur mikill.

Hvernig færðu útrás fyrir gremju?

Með því að kreppa hnefana og fussa og sveia. Svo þarf ég að labba um til þess að gremjan hverfi.

Í hvernig klæðnaði líður þér best?

Stuttbuxum, bol og engum sokkum.

Hver er mesta eftirsjá þín í lífinu?

Það er sennilega það að hafa ekki lagt meira í körfuboltann þegar ég var 17, 18 og 19 ára. Ég missti svolítið hausinn á þeim árum og staðnaði sem körfuboltamaður. Hætti svo fljótlega upp úr því en veit að ég hefði getað náð langt ef ég hefði einbeitt mér 100% af körfuboltanum þá.

Hver er óvenjulegasta lífsreynsla sem þú hefur lent í?

Að missa ástvin langt fyrir aldur fram. Lífsreynsla sem maður vill að sé óvenjuleg og óskar engum að lenda í.

Hefurðu komplexa?

Já, ég borða ekki brauð sem aðrir hafa smurt, nema það hafi verið smurt undir effirliti mínu. Mjög harður á hvernig eigi að smyrja brauðið.

Hver er besta kvikmynd allra tíma?

Án efa Forrest Gump.

Hvernig Facebook-týpa ertu?

Mér finnst virkilega gaman að æsa menn upp á Facebook, sérstaklega Liverpool aðdáendur. En annars er ég ekki mikið í því að deila einhverju á Facebook. Er aðallega að skoða hvað aðrir eru að gera.

Hvað fer mest í taugarnar á þér?

Þegar ég er að tala við einhvern og fæ ekki svar til baka, það fer allveg í mínar fínustu taugar.

Hefur þú gert uppreisn?

Nei ég er alls ekki uppreisnargjarn.

Hver er effirlætis bókin þín?

Ég held að ég hafi aldrei klárað heila bók og dettur engin í hug þrátt fyrir langan umhugsunartíma.

Áttu þér óuppfylltan draum?

Já, eins og allir held ég. Mig langar að fara á leik með Manchester United í ensku úrvalsdeildinni og svo NBA-leik með Miami Heat. Stefni á að gera það á næstu árum.

Hvernig bregstu við höfnun?

Hef nú ekki lent í mörgum höfnunum í gegnum tíðina en ef ég lendi í mótlæti nota ég það hiklaust til þess að styrkja mig. Mér var kennt það sem ungum dreng af foreldrum mínum og er þakklátur fyrir að geta gert það.

Hver er þín versta martröð?

Að missa fleiri ástvini langt fyrir aldur fram.

Hvert er helsta takmark þitt í lífinu?

Að vera farsæll og koma börnum mínum vel til manns.

Hvenær og hvar ertu hamingjusamastur?

Ég er hamingjusamastur með fjölskyldunni, hvar og hvenær sem það er.

Hver er besta setning eða orðtak sem þú hefur heyrt?

„Never judge another person unless you have walked in his shoes for two full moons.“ Þetta orðatilæki lærði ég í körfuboltabúðum í Englandi þegar ég var ungur drengur. Man hana alltaf vel og finnst hún alltaf eiga vel við. Maður verður að passa sig að dæma fólk ekki fyrirfram.

Hvaða fræga persónu myndir þú vilja vera og af hverju?

Dwyane Wade, hann er minn uppáhalds körfuboltaleikmaður í NBA. Ég kyssti körfuboltadrauminn bless fyrir nokkrum árum en hefði ekki neitt á móti því að vera í hans sporum í dag.

Hvar er fallegast á Vestfjörðum að þínu mati?

Hornstrandir og Jökulfirðir.

Hvar er fallegast á landinu öllu (fyrir utan Vestfirði)?

Ég hef ekki ferðast mikið um landið en einn staður sem mér dettur í hug af þeim sem ég hef komið til, það er Hreðavatn í Borgarfirði. Fannst það hrikalega flottur staður.

Hvaða stað í heiminum langar þig til að heimsækja?

Mig langar að heimsækja Dubai.

Ertu bjartsýn(n) á framtíð Vestfjarða?

Já. Ég er alltaf bjartsýnn.

Hvað skortir á Vestfirði að þínu mati?

KFC og Dominos.

Hvernig hljóma síðustu SMS-skilaboð sem þú fékkst í símann þinn?

„Takk fyrir.“ Fékk það sent frá systur minni.

Þjónustuauglýsingar

H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf
Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is

66°N
SEXTIU OG SEX NORÐUR

Sjóvinnufatnaður
Stígvél og vettlingar

Þjónusta í heimabyggð 1983-2013

BÍLAVERIÐ ehf

Hjólbarðapjónusta
Smurpjónusta

Smáviðgerðir

Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
Sími 456 3501 • www.bilaverid.is



**Öll almenn
húsmíði**

Bolungavík
456 7080 • 893 9362 • 690 1060

Umboðsaðili fyrir
GLERBORG

Fréttir og
upplýsingar um
réttindi og kjör
á vinnumarkaði
www.verkvest.is



ENDURSKOÐUN
VESTFJARÐA ehf

Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

Bílasala
456 3800
Bílaverkstæði
456 4580



Suðurgötu 9



Geirnaglinn ehf

Trésmíðaverkstæði
Strandgötu 7b
400 Ísafirði
Sími: Þórhallur 848 2087
Sími: Magnús 862 3122
www.geirnaglinn.is



Gámapjónusta
Vestfjarða ehf

BLÁPOKINN

Fyrir sameigin-
legan úrgang

Sími: 456 3710
gamarvest.is





Dagar Íslands

18. júlí 1963: Verksmiðja Ísaga við Rauðarárstíg í Reykjavík eyðilagðist af eldi. Miklar sprengingar urðu í byggingunni en þær stöfuðu af gashylkjum. Skemmdir urðu á nálægum húsum.

19. júlí 1974: Varðskipið Þór stóð breska togaranum C. S. Forrester að ólöglegum veiðum og varð að elda hann um 120 sjómílur á haf út. Varðskipið skaut átta skotum að togaranum og kom leki að honum. Skipstjórinn, Dick Taylor, hlaut fangelsisdóm fyrir brotið.

20. júlí 1946: Aætlanar-bífreið hvolfdi við Gljúfurá í Borgarfirði. Fimmtán af 22 farþegum slösuðust en enginn alvarlega. Eldur kom upp í bífreiðinni sem brann.

20. júlí 1989: Síðasti hvalurinn sem veiddur var samkv. vísindaáætlun kom á land í hvalstöðinni í Hvalfirði.

21. júlí 1936: Sverðfisk rak á land við Breiðdalsvík, en fá dæmi voru þess að slíkur fiskur hefði fundist norðar en við Englandsstrendur.

22. júlí 1939: Tveir þýskir kaþbátar komu til Reykjavíkur, rúmum mánuði áður en heimsstyrjöldin skall á. Þetta voru fyrstu kaþbátarnir sem komið höfðu í íslenska höfn.

23. júlí 1983: Tvíburabræður-nir Guðmundur og Páll Gísla-synir í Reykjavík héldu upp á áttæðisafmæli sitt, en það mun vera einsdæmi hér á landi. Þeir voru báðir vöru-bílstjórar.

24. júlí 1982: Leitarmenn á Skeiðarársandi töldu sig hafa fundið gullskipið Het Wapen van Amsterdam, sem fórst árið 1667. Síðar kom í ljós að flakið var af þýskum togara sem strandaði árið 1903.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Suðvestanátt 5-13 m/s við ströndina SA-til, annars hægari. Víða dálítil rigning. Hiti 8-18 stig, hlýjast A-lands.

Horfur á laugardag:

Fremur hæg SV-átt og súld með köflum um vestanvert landið. Bjartvirði að mestu N- og A-til. Hiti 9-20 stig.

Horfur á sunnudag:

Suðlæg átt og rigning með köflum vestantil. Hiti 10-22 stig.

Krossgátan

Jón Steingr.	Máls-háttur	Hest	Slóða	Hljá Samst.	✓	Svalir Maður	Upphróp-un	Kallar Gamal-menni	Bergmál	Skjólan	☹
Máls-háttur						↕					↗
Grikkur							Ónæði				
Grát							Dýrka				
↖				Hrönn					Drykkur		
				Ávaxtar					Skar		
Einn		Samst.			Dropa Skinn						
		Ugg			Tala			✓			
Smán	↕						Konu				
							Upphr.				
Málhelti					Sögn					Eink.st.	
Merk					Risa Sýður					Atgerfi Ávöxtur	
↖			Leif			✓	Tala			Tölur	↕
			Miðju				Æði			↘	
Jaðar Vesælu											
Samhlj.		Kafmæðin							Þungi		
Tudda		Rót							Flan Ræksni		
↖				Stafur	✓					✓	
				Tala			Blekkning				
Kvenfugl	↘							Upphr.			
	Svalls							Heimta			
↖				Tjón Sömu							
				Óráð							
Klafi			Skefur Tónn							Tónn	
			Striti							Spott	
Tala		Eðja				Fjöldi					
Háðsbro		Gat				Spurn					
↖					Sjór Eins um Á						Fæði
					Tala						
Land-ræma							↘				

VERKSTÆÐI
STEFÁNS
ARNAR

- ✓ Allar almennar bílaviðgerðir
- ✓ Rúðuskipti

Sindragata 10, 400 Ísafirði
Sími: 456 2310 / 869 6852

Finndu mig á [facebook](#)



HRADFYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.
- sjálfbær nýting sjávarauðlinda



Lausn á síðustu krossgátu

		Jón Steingr.	V					L
		⇒	K	O	M	D	U	Ú
			Æ	Ð	U	R		A F
	S		Æ	T	A	R	E	F F
S	K	U	S	S	I		T	Y F T A
	E	L	J	A		V	A	L T U R
E	L	L	A		G	I	N	A R
	L	I	T	R	Í	K	A	R Ó
F	I	N	N	U	R		M	Ó S E S
	R		A	L	U	R	O	F F Æ
	↓	B	E	L	G	U	R	A T T
	S	Ó	R	U		M		Á L I T
R	É	T	T		Ó	H	E	F T R I
	R	Á	A	N	I	G	L	E H ↗
	↓	L		N	Ö	F		R R Á L
H	Á	A	N		F		Ó	Ð U M Á
	↘	S	K	E	L	J	A	R N A R

Sudoku prautir

					1			3
	6	2	8					
9		8			6	1		4
	4	6						9
	5						7	
8						3	1	
7		3	9			6		1
					7	9	8	
5			1					

5			3		6			7
9						4		
			9				1	6
		5		7			2	
	9			8			6	
	8			6		7		
3	2				5			
		4						2
6			1		2			3



Frumkvöðlar Ísafjarðarbæjar 2013. Frá vinstri: Guðmundur Fertram Sigurjónsson og Dóra Hlín Gísladóttir frá Kerecis, Steingrímur Einarsson frá Fossadal, Halldóra B. Norðdahl og Anna Jakóbína Hinriksdóttir frá Klæðakoti og Daníel Jakobsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar.

Ísafjarðarbær veitir frumkvöðlastyrki

Forsvarsmenn fyrirtækjanna Fossadals ehf., Kerecis ehf., og Klæðakots á Ísafirði undirrituðu í síðustu viku samning við Ísafjarðarbæ um frumkvöðlastyrk, sem bærinn veitir frumkvöðlum og fyrirtækjum sem vilja auka starfsemi sína. Styrkirnir sem eru til þriggja ára, nema á fyrsta ári 100% álagningu fasteignaskatts og lóðarleigu, 75% á öðru ári og 50% á því þriðja.

„Styrkirnir eru veittir í samræmi við reglur um stuðning Ísafjarðarbæjar við frumkvöðla og fyrirtæki sem vilja auka starfsemi sína. Reglurnar voru unnar af atvinnumálanefnd og samþykktar af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar. Í framhaldinu var óskað eftir umsóknum með auglýsingu á heimasíðu sveitarfélagsins. Er þetta í

fyrsta sinn sem styrkir af þessu tagi eru veittir og er það von forsvarsmanna sveitarfélagsins að stuðningurinn virki sem hvati fyrir fyrirtæki í bænum, hvort sem þau eru nýstofnuð eða hafa starfað lengi, til að hefja starfsemi í nýjum atvinnurekstri og fjölga ársverkum,“ segir í frétt frá Ísafjarðarbæ.

„Í fyrrgreindum reglum, sem nálgast má á heimasíðu Ísafjarðarbæjar, er lögð áhersla á stuðning við verkefni sem tengjast áherslum bæjarins um uppbyggingu atvinnulífs í sveitarfélaginu. Einungis er eitt sambærilegt verkefni styrkt á hverjum tíma og að því gætt að styrkirnir raski ekki samkeppnisstöðu fyrirtækja á starfssvæðinu.“ Fossadalur ehf. hannar og framleiðir hágæða

fluguveiðihjól á Ísafirði sem nýtur vaxandi vinsælda á krefjandi markaði fyrir fluguveiðibúnað.

Nýsköpunarfyrirtækið Kerecis framleiðir lækningavörur, þar á meðal MariGen Omega3 stoðefni til nota í skurðaðgerðum og til meðhöndlunar á prálátum sárum og MariCell Omega3 sem eru húðkrem til meðhöndlunar á ýmsum húðkvillum. Klæðakot er samstarf tveggja fyrirtækja, Klæða og Dórukots. Fyrirtækin tóku höndum saman nýlega en Klæði býður upp á fatabreytingar og viðgerðir, þjóbúningasam, sérsaum og stefnir á að koma með barnafatalínu á næstunni. Dórukot framleiðir ýmsar vatns- heldar vörur eins og legghlífar, hnakkhlífar, endurskinsvesti og regnplöst á barnavagna.

Vantar þig heyrnartæki?

Heyrnarmælingar, ráðgjöf og heyrnartækjapjónusta

Ísafjörður - 30. júlí

Árni Hafstað heyrnarfræðingur verður á Ísafirði við heyrnarmælingar, ráðgjöf og sölu heyrnartækja. Mikið úrval af hágæða heyrnartækjum. Sérsmiðuð eða næstum ósýnileg bak við eyra. Margir verðflokkar.



Heyrnartækni

Bókaðu tíma í heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki til prufu

Sími 568 6880

Glæsibæ | Álfheimum 74 | 104 Reykjavík | Sími 568 6880 | www.heyrnartækni.is



... með ekta Síríus rjómasúkkulaði